



Umboðsmaður barna
Salvör Nordal
Kringlunni 1, 5. hæð
103 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 2. júlí 2021
Tilv.: MMR21060143/8.5

Efni: Vegna ábendingar nemenda varðandi fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum

Með erindi dags. 18. júní 2021 kemur umboðsmaður barna á framfæri ábendingum nemenda er varða fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum. Miður er að heyra að hópur barna upplifi óöryggi og vanlíðan í sundtímum. Jafnframt er áhyggjuefni ef núgildandi námskrá er ekki uppfyllt líkt og leiða má líkum að út frá þeim umkvörtunarefnum nemenda sem komið er á framfæri.

Grunnskólar hafa mikið svigrúm innan aðalnámskrár til að útfæra skólanámskrár og kennsluáætlanir í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla í einstökum námssviðum og grunnþáttum menntunar. Framundan er endurskoðun greinasviða aðalnámskrár á vegum ráðuneytisins. Menntamálastofnun hefur verið falið að hefja undirbúning endurskoðunarinnar. Þar er stofnuninni m.a. gert að tryggja markvissa og raunhæfa aðkomu barna og ungmenna að endurskoðun aðalnámskráa grunnskóla á öllum stigum endurskoðunarferilsins.

Ráðuneytið þakkar fyrir ábendinguna og mun erindið verða haft til hliðsjónar við endurskoðun aðalnámskrárinnar.

Fyrir hönd ráðherra

Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Örvar Ólafsson

Ljósrit: Menntamálastofnun